



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innstig í strætó í tengslum við þéttingu byggðar í Mjódd (US210256).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fram kom í skýrslu um ferðavenjur sem unnin var fyrir SSH, sem liður í undirbúningi Borgarlínu, að flest innstig í strætó eru núna í Mjódd, 4000 talsins en á Hlemmi eru 3400 innstig á sólarhring. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um eftirfarandi: Hvers vegna þarf að þetta byggð svona mikið í Mjódd? Við hvaða innstigsfjölda er miðað við þegar tekin er ákvörðun um þéttleikaviðmið?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 6. október sl.

Svar við fyrirspurn:

Fjöldi innstiga í strætisvagna er ekki þáttur í ákvörðun um þéttleika byggðar.

Samkvæmt tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, er lögð áhersla á uppbyggingu á miðlægum svæðum innan núverandi byggðar á svæðum sem auðvelt er að þjóna með góðum almenningsamgöngum. Byggð verði þétt meðfram meginleiðum borgarlínu og strætisvagna og verði þéttust við lykilskiptistöðvar.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri